

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Sími

Netfang

Bankareikningsnúmer (banki-hb-reikningsnr.)

Ef greiða á beint til leigusala

Nafn

Kennitala

Bankareikningsnúmer (banki-hb-reikningsnr.)

Annað heimilisfólk

Nafn

Kennitala

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsókn á miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Upplýsingar veitir einnig þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411-1111.

Undanþága

Sótt er um undanþágu skv. 2. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning þar sem viðkomandi er í húsnæðisleit og réttur til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur hefur ekki verið staðreyndur.

Já

Nei

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og annað heimilisfólk, 18 ára og eldri, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta, skattyfirvöldum og Þjóðskrá Íslands. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðila, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á högum mínum/okkar sem kunna að hafa áhrif á umsóknina.

Ég staðfesti að hafa kynnt mér fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift og kennitala annars heimilisfólks, 18 ára og eldra

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsókn á miðstöðvum Reykjavíkurborgar.
Upplýsingar veitir einnig þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411-1111.

Persónuvernd

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Unnið er með persónuupplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar sækir og þær upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Upplýsingarnar eru varðveittar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er bundið þagnarskyldu um málefni umsækjanda samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. 3. tl. 9. gr. sem og 2. og 3. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði unnt að afgreiða umsókn þína. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafíð umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Upplýsingar sem þú veitir:

Nafn, kennitölu, lögheimili, símanúmer, netfang, bankareikningsnúmer, nafn og kennitölu leigusala og bankareikning hans, nöfn og kennitölur annars heimilisfólks með sama lögheimili.

Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Ef umsækjandi hefur einhvern á sinni framfærslu er jafnframt unnið með upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili þeirra aðila og eru þær sóttar til Þjóðskrár.

Upplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborg sækir:

Nafn maka, kennitala maka, hjúskaparstaða, nöfn og fæðingarár barna með sama lögheimili og umsækjandi, skattskyldar tekjur á Íslandi og erlendis, aðrar tekjur á Íslandi og erlendis, eignir (innlendar og erlendar).

Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur eins og við á:

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og annað heimilisfólk, 18 ára og eldra, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta, skattfyrirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Menntasjóði námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Upplýsingar sem aflað er í tengslum við umsókn þína eru skráðar í gagnagrunn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun.

Komi til þess að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning verði samþykkt er upplýsingum um upphæð fjárhagsaðstoðar og bankareikning þinn miðlað til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Komi til þess að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning verði samþykkt er upplýsingum um upphæð fjárhagsaðstoðar og bankareikning þinn miðlað til fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að greiða

sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda. Öll gögn sem unnið er með eru hýst í skýjalausn Origo.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um fjárhagsaðstoð til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að eiga rétt á að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á rafrænu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar (personuvernd.is).

Þjónustukannanir

Notendur þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og í einhverjum tilvikum aðstandendur þeirra, kunna að lenda í úrtaki vegna þjónustukannana. Slíkar kannanir eru framkvæmdar reglulega, ýmist með símtölum, í gegnum tölvupóst eða með viðtölum. Þátttaka er valfrjál en hún er mikilvæg þar sem markmið velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er að veita sem besta þjónustu og mæta þörfum notenda. Þjónustukannanir á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fara fram á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila samkvæmt 1. mgr. 5. gr. nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 3. tl. 9. gr. sem og 2. og 3. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þá geta þjónustukannanir einnig byggt á 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 4. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og eða á samþykki þínu, sbr. 1. tl. 9. gr. sem og 1. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Niðurstöður kannana eru markvisst nýttar til að þróa og bæta þjónustuna og eru ópersónugreinanlegar.